

**Nd.**

**66. Frumvarp til laga**

[58. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

**1. gr.**

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á einu hvalveiðiskipi, þótt eldra sé en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Nefndin flytur þetta frv. að beiðni samgöngumálaráðuneytisins, og fylgdi því af þess hálfu svo hljóðandi greinargerð:

„H.f. Hvalur hefur farið þess á leit að fá að flytja inn hvalveiðiskip eldra en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959. Kveðst félagið eiga kost á að kaupa nú slíkt skip í Noregi, sem henti mjög vel til hvalveiða hér við land, en nauðsynlegt sé að endurnýja hvalveiðiskipaflotann, og enn fremur, að þar sem hið umrædda skip sé eldra en 12 ára, en vandkvæðum bundið að kaupa yngra skip til hvalveiða, beri brýna nauðsyn til, að heimild sé veitt til innflutnings skipsins, sbr. 35. gr. fyrrnefndra laga, nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum.“

Einnig fylgdi bréf ráðuneytisins umsögn skipaskoðunarstjóra, sem prentuð er hér með sem fylgiskjal.

**Fylgiskjal.**

**SKIPASKOÐUNARSTJÓRINN**

Reykjavík, 27. október 1965.

Til mín hefur leitað Loftur Bjarnason útgerðarmaður, Hafnarfirði, og óskað umsagnar minnar varðandi hvalveiðaskipið „TIGER“ (LANF), sem Hvalur h/f., Miðsandi, hyggst kaupa.

„TIGER“ er smíðaður árið 1952 í Langesund, Noregi. Er hann í flokki Det Norske Veritas + IAI. Hann er búinn 1900 IHK compound gufuvél og katli frá Forter Wheeler Corp. og er 631 brml. að stærð.

Í septembermánuði 1964 fór fram tólf ára flokkunarviðgerð á skipi, vél og katli. Nú útheimtir aldur skipsins, að um innflutning þess verði gerð sérstök lög, en af hálfu skipaskoðunar ríkisins er ekkert því til fyrirstöðu, að skipið verði keypt til landsins, verði fyrrnefnd lög gerð, enda verði öryggisbúnaður þess allur samkvæmt íslenskum reglum.

Páll Ragnarsson,

f. h. skipaskoðunarstjóra.

Til sjávarútvegsmálaráðuneytisins, Reykjavík.